




ÍSAFJARÐARBÆR



Jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar 2015

Ábyrgð: Félagsmálanefnd

Jafnrétti

Til hamingju með 19. júní! Fyrir hundrað árum síðan vannst mikilvægur sigur í jafnréttisbaráttu á Íslandi. Þann dag fengu konur í fyrsta sinn kosningarrétt og kjörgengi karla varð þá óháð stétt og stöðu.

Líkt og hugtakið jafnrétti gefur til kynna felur það í sér jafnan rétt og hefur lengi verið notað í því samhengi að jafna stöðu kynjanna. Jafnréttisbarátta kvenna hefur beinst að tækifærum til menntunar og stöðu þeirra á vinnumarkaði. Undanfarin ár hefur jafnframt verið lögð vaxandi áhersla á jafnrétti hvað varðar uppeldismál og ábyrgð heimilisins.

Staðreyndin er sú að konur hafa sætt misrétti í gegnum aldirnar en vert er að hafa í huga að það á einnig við um ýmsa minnihlutahópa óháð kyni. Með tilkomu laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur ýmislegt áunnist varðandi kynjasambættingu enda sjálfsögð krafa í ljósi laganna. Má þar nefna að menntun kvenna hefur stórlega aukist og staða þeirra á vinnumarkaði hefur batnað.

Með jafnréttisstefnunni vill félagsmálanefnd horfa á jafnrétti í víðara samhengi. Jafnrétti varðar ekki einungis baráttu kvenna heldur einnig annarra hópa samfélagsins. Jafnréttisstefna ætti að ná til allra þjóðfélagshópa og endurspegla margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélagsins þar sem jafnræði íbúa og mannréttindi eru höfð að leiðarljósi. Lýðræðisþjóðfélag byggir á því að ólíkir hagsmunir og sjónarmið séu viðurkennd og virt og nauðsynlegt er að rödd allra heyrast.

Markmið stefnu

Íbúar Ísafjarðarbæjar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, kynhneigð, aldri, efnahag, fötlun, heilsufari eða annarrar stöðu.

Til að ná þessu markmiði skal Ísafjarðarbær, stofnanir hans og aðrir sem í hlut sinn fá beina styrki til starfa frá sveitarfélaginu, gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að sambættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum sínum.

Ísafjarðarbær skal vinna að jöfnum áhrifum og tækifærum íbúa á vettvangi sveitarfélagsins og vinna gegn mismunun.

Jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar nær til stjórnsýslu bæjarins, starfsmanna hans og allrar starfsemi og þjónustu sem veitt er á vegum stofnana sveitarfélagsins.

Eftirlit og framkvæmd stefnu

Samkvæmt 12. grein jafnréttislaga skulu sveitarstjórnir skipa jafnréttisnefndir að loknum sveitarstjórnarkosningum. Félagsmálanefnd fer með hlutverk jafnréttisnefndar hjá Ísafjarðarbæ. Félagsmálanefnd skal fjalla um jafnrétti innan Ísafjarðarbæjar, vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í málefnum er varða jafnrétti og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að stuðla að jöfnum tækifærum. Þá skal nefndin afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan bæjarins annað hvert ár, samkvæmt beiðni frá stofnuninni.

Bæjarstjóri, sviðsstjórar og mannauðsstjóri sjá um framkvæmd og eftirfylgni með jafnréttisstefnu innan sinna sviða, í samvinnu við félagsmálanefnd og bæjaryfirvöld. Það er hlutverk félagsmálanefndar að sjá stofnunum og starfsfólki bæjarins fyrir fræðslu og ráðgjöf um jafnréttismál. Þá hefur félagsmálanefnd umsjón með úttektum og rannsóknum á kjörum og stöðu kynjanna innan bæjarkerfisins.

Félagsmálanefnd skal setja sér starfsmarkmið á sviði jafnréttismála, í formi framkvæmdaáætlunar, samkvæmt stefnu félagsmálanefndar í félags- og velferðarmálum. Bæjarstjórn tryggi fjármagn til einstakra þátta framkvæmdaáætlunarinnar.

Stjórnkerfið

Stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar þarf að vera fyrirmynd atvinnulífsins. M.t.t. þess skulu tilnefningaradilar tilnefna bæði karl og konu við skipan í nefndir, ráð og stjórnir innan bæjarins og gæta þess að hlutfallsleg skipting milli kynjanna verði sem jöfnust. Við tilnefningar skal leitast við að veita innflytjendum og öðrum hópum sem hallar á í samfélaginu tækifæri til þátttöku í nefndum og ráðum. Stjórnsýsla bæjarins á að vera fordæmisgefandi fyrir aðra aðila í sveitarfélaginu.

Nefndir, ráð og stjórnir

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Leiðir/lýsing: Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal hvert framboð tilnefna bæði karl og konu. Þetta á við þegar um er að ræða tvo eða fleiri fulltrúa í eina nefnd eða einn fulltrúa í tvær eða fleiri nefndir.

Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til viðeigandi aðila. Skoða skal kynjahlutfall formanna nefnda sérstaklega.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd og bæjarstjórn.

Jafnréttisstefna

Allir vinnustaðir Ísafjarðarbæjar með 25 starfsmenn eða fleiri, hlutafélög og fyrirtæki sem bærinn er aðaleigandi að og félög sem hafa fasta styrktarsamninga við hann skulu gera aðgerðabundna jafnréttisstefnu í samræmi við 18. gr. jafnréttislaga.

Leiðir/lýsing: Stofnanir setji sér jafnréttisstefnu eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína þar sem sérstaklega er kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð. Við gerð jafnréttisstefnu skal sérstaklega horft til greina 19 til og með 23 í jafnréttislögum.

Í uppeldis- og tólmundastarfi, menntun og fræðslu skal samþætting kynja- og annarra jafnréttissjónarmiða höfð að leiðarljósi. Áhersla skal lögð á jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu í starfi með börnum og unglingum og skapa tækifæri til persónuþroska.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn stofnana og félagasamtaka.

Kynjasambætting

Við stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins, stofnana þess og sviða skal hugað sérstaklega að misjöfnum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á kynin. Hið sama gildir um ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar og stofnana eftir því sem við getur átt.

Leiðir/lýsing: Í skilningi jafnréttis laga felst í kynjasambættingu að stefnumótunarferli er metið, skipulagt, bætt og þróað þannig að sjónarhorn beggja kynja sé fléttað inn í ákvarðanir þeirra sem taka þátt í stefnumótun í samfélaginu. Með það að leiðarljósi verður sambætting kynjajafnréttis að eðlilegum þætti í starfsemi og ákvörðunum sviða og stofnana bæjarins.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjórn, bæjarstjóri og sviðsstjórar.

Greining tölfræðiupplýsinga

Aflað verði tölfræðiupplýsinga um stöðu kynjanna á skilgreindum sviðum og þær greindar, m.a. kynbundinn launamunur starfsmanna sveitarfélagsins, afnot fólks af þjónustu bæjarins og þátttaka barna og unglunga í tómstunda- og íþróttastarfi.

Leiðir/lýsing: Félagsmálanefnd skal sjá til þess að gerð verði úttekt á stöðu kynjanna á skilgreindum sviðum. Á hverju kjörtímabili skal gerð launaúttekt meðal starfsmanna bæjarins þar sem laun og launatengdar greiðslur eru kyngreindar.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjórn, bæjarstjóri og sviðsstjórar.

Atvinnurekandinn Ísafjarðarbær

Samkvæmt 18. grein jafnréttis laga skal atvinnurekandi vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði m.t.t. starfsþjálfunar og endurmenntunar, samræmingar starfs og fjölskyldulífs og launajafnréttis. Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni.

Ráðningar

Ísafjarðarbær sem atvinnurekandi, skal vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, stuðla að því að störf hjá bænum flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf og leggja áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Við ráðningar er óheimilt að mismuna á grundvelli kyns, uppruna, trúarbragða, kynhneigðar, aldurs, efnahags, fjötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Leiðir/lýsing: Starf sem laust er til umsóknar hjá bænum skal standa opið jafnt konum sem körlum, nema málefnaleg rök mæli gegn því. Við ráðningu starfsmanns skal sérstaklega horft til þess að jafna hlut kynjanna í viðkomandi starfsgrein og gæta jafnræðis.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjórn, bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn, deildarstjórar og mannauðsstjóri.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Ísafjarðarbær sem atvinnurekandi, stofnanir og fyrirtæki hans skulu tryggja að konur og karlar hafi sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Leiðir/lýsing: Í endurmenntunaráætlun skal kynjasambættingar gætt. Námskeið og starfsþjálfun skal höfða til beggja kynja.

Ábyrgð: Sviðsstjórar, forstöðumenn, deildarstjórar og mannauðsstjóri.

Starfsskyldur og fjölskyldan

Ísafjarðarbær sem atvinnurekandi, stofnanir og fyrirtæki hans skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konum og körlum verði gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Leiðir/lýsing: Ráðstafanir skulu gerðar þannig að við skipulagningu á vinnu og vinnutíma verði bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanns og þeirra krafna sem viðkomandi starf gerir til hans, þ.m.t. að stafsmanni verði auðveldað að koma aftur til vinnu eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra fjölskylduaðstæðna.

Ábyrgð: Bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn, deildarstjórar og mannauðsstjóri.

Launajafnrétti

Konum og körlum sem starfa hjá Ísafjarðarbæ og stofnunum og fyrirtækjum hans skulu greidd sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf með vísan til 1. gr. í jafnréttislögum.

Leiðir/lýsing: Laun verði ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Bendi niðurstöður launakönnunar til þess að munur sé á launum kvenna og karla hjá Ísafjarðarbæ skal skoða ástæður þess sérstaklega og starfsumhverfi bæjarins endurskoða ef þess er talin þörf, til að tryggja fullt launajafnrétti og sömu kjör bæjarstarfsmanna.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjórn, bæjarstjóri og sviðsstjórar.

Kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni

Ísafjarðarbær, yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum með vísan til 22. gr. í jafnréttislögum.

Leiðir/lýsing: Stjórnendum og starfsmönnum á vinnustöðum bæjarins standi til boða fræðsla um kynferðislega og kynbundna áreitni og einelti. Ísafjarðarbær setji sér aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjóri, sviðsstjórar og mannauðsstjóri.

Skólakerfið, tómstundir og íþróttastarf

Við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi skal samþætting kynjasjónarmiða höfð að leiðarljósi með vísan til 23. gr. í jafnréttislögum. Ekki skal á nokkurn hátt mismuna börnum og ungmennum eftir kyni þegar kemur að menntun og íþrótt- og tómstundastarfi.

Leik- og grunnskólar

Í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Leiðir/lýsing: Skólastjórnendur gangi úr skugga um að kennslu- og námsgögn mismuni ekki. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur, óháð kyni, hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Á hverjum tíma skal skoða fyrirkomulag jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum bæjarins.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, fræðslunefnd, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og skólastjórar.

Tómstunda- og íþróttastarf

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í íþrótt- og tómstundastarfi. Allir skulu hafa jöfn tækifæri til þátttöku í tómstunda- og íþróttastarfi hjá þeim félögum sem hafa fasta styrktarsamninga við Ísafjarðarbæ.

Leiðir/lýsing: Sett verði í samninga Ísafjarðarbæjar við félög sem sinna íþrótt- og tómstundastarfi ákvæði um samþættingu kynjasjónarmiða. Ef félög verði uppvís að mismunun eða að þau geri kynjunum mishátt undir höfði hafi það áhrif á frekari greiðslur til viðkomandi félags.

Ábyrgð: Bæjarstjórn, íþrótt- og tómstundanefnd og sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Staðfest af bæjarráði Ísafjarðarbæjar 19. júní 2015